

# Fundargerð 25. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2016, föstudaginn 15. janúar kl. 15:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til símafundar.

Fundinn sátu: Róbert Ragnarsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Steinunn María Sveinsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir og Sigrún Árnadóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - fundargerðir stjórnar - 1301028SA

Lögð fram fundargerð 24. fundar frá 26. nóvember 2015.

*Til kynningar.*

### 2. Námsefni um sjávarútveg - Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - 1401002SA

Starfsmaður gerir grein fyrir stöðu verkefnisins.

*Starfsmanni og formanni falið að undirbúa kynningu á verkefninu í samráði við sjávarklasann og fá þeir heimild til að leita til sérfræðinga til að tryggja góða kynningu.*

### 3. Ársreikningur 2015 - 1601003SU

Lagður fram ársreikningur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga fyrir árið 2015 áritaður af reikningshaldara.

*Lagt til að ársreikningnum verði vísað til kynningar hjá aðildarsveitarfélögum, sbr. ákvæði 12 gr. samtakanna og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga. Afgreiðslu verði frestað þar til þessu er lokið.*

*Á næsta fundi stjórnar verða árgjöld tekin til umfjöllunar.*

### 4. Viðskiptabann Rússa - 1601002SU

Farið yfir málið frá ýmsum hliðum, en málið var áður á dagskrá stjórnar í ágúst síðastliðnum. Lögð fram skýrsla um efnahagsleg áhrif innflutningsbanns Rússlands á íslenska hagsmuni sem unnin var á vettvangi forsætisráðuneytisins. Þá var rædd frekar skýrsla Byggðastofnunar um byggðarleg áhrif innflutningsbanns Rússa á einstök byggðarlög. Eftirfarandi bókun samþykkt.

*Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir þungum áhyggjum vegna viðskiptabanns Rússlands á íslenskar sjávarafurðir. Ljóst er að viðskiptabannið hefur mikil áhrif á gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og hefur hlutfallslega mun meiri*

áhrif á Íslandi samanborið við aðrar Evrópuþjóðir og Bandaríkin. Þau gögn sem fyrir liggja sýna að tekjutap sjómanna og landverkafólks er gríðarlegt vegna innflutningsbannsins, eða allt að 2,5 milljarðar að mati Byggðastofnunar. Þá mun bannið koma niður á sveitar- og hafnarsjóðum landsins, og metur Byggðastofnun það tap um 400 milljónir króna. Tekjutap sveitarfélaganna kann að koma niður á þjónustu við íbúa.

Stjórnin telur að samráð af hendi ríkisstjórnar Íslands hefði átt að verði við sjávarútvegssveitarfélög við undirbúning aðgerða um viðskiptaþvinganir á Rússland og skilgreina fyrirfram með hvaða hætti það tjón yrði bætt sem þau yrðu fyrir, myndu Rússnesk stjórnvöld beita íslenska þjóð viðskiptaþvingunum á móti. Það var ekki gert. Því er ljóst að verði sömu stefnu fylgt af hendi Íslands hvað þetta viðskiptabann varðar, þarf að leita leiða til að bæta íslenskum sjávarútvegssveitarfélögum það tjón sem af áframhaldandi viðskiptabanni mun hljótask. Rétt eins og við önnur áföll sem dýnja á. Er þess krafist að nú þegar verði sest niður með fulltrúum samtakanna til að fara yfir þau mál og finna leiðir í því hvernig tjónið verði bætt. Þá er ónefnt það framtíðartap sem mun skapast með tapaðri markaðshlutdeild, sem mun þá hafa meiri áhrif til framtíðar fyrir sjávarútvegssveitarfélög. Formanni falið að koma málinu á framfæri við þá aðila sem það snerta.

Fundi var slitið kl. 15:45